

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um menntun, réttindi og skyldur læknaritara.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Ráðherra er heimilt fram til 31. desember 1987 að víkja frá ákvæðum 2. gr. að fenginni umsógn sömu aðila og um getur í 2. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. september 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um friðlýsingu Kirkjugólfs á Kirkjubæjarklaustri.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, hefur Náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa sem náttúruvætti Kirkjugólf á Kirkjubæjarklaustri, Kirkjubæjarhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Mörk náttúruvættisins miðast við 10 m breiða spildu umhverfis Kirkjugólf.

Jaðarsvæði miðast við 50 m breiða spildu umhverfis Kirkjugólf.

Um náttúruvættið gilda eftirfarandi reglur:

1. Gangandi fólk er heimil för um svæðið eftir merktri gönguleið að náttúruvættinu.
2. Öll umferð vélknúinna ökutækja um svæðið er bönnuð nema á túnum.
3. Hefðbundin nýting túna er heimil.
4. Öll mannvirkjagerð, efnistaka og röskun á jarðmyndunum er bönnuð.
5. Óheimil er að tjalda innan marka náttúruvættisins.

Á jaðarsvæði er öll mannvirkjagerð og breyting á landnotkun óheimil, nema til komi leyfi Náttúruverndarráðs.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess, sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 2. september 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Runólfur Þórarinsson.

